

Skýrsla stjórnar Foreldrafélags Fossvogsskóla 2020-2021

Starfsárið hófst með aðalfundi þann 1. október 2020. Um 20 félagar voru mættir á fundarstað en fundinum var einnig streymt á Facebook vegna samkomutakmarkana og taldist til að um 15 manns hefðu fylgst með í gegnum streymi. Skýrsla stjórnar var flutt, reikningar bornir upp og samþykktir. Ákveðið var að leggja ekki á félagsgjald vegna góðrar stöðu sjóðsins.

Í stjórn voru kosin Börkur Hrafn Birgisson, Eyrún Magnúsdóttir, Hrund Hauksdóttir, Illugi Gunnarsson, Karl Óskar Þráinsson, Magnús Már Guðmundsson og Unnur Björnsdóttir. Í skólaráð voru kosnir til tveggja ára Karl Óskar Þráinsson aðalmaður og Magnús Már Guðmundsson varamaður. Á fyrsta stjórnarfundum skipti stjórnin með sér verkum, Karl Óskar formaður, Magnús Már varaformaður, Unnur gjaldkeri og Hrund ritari, aðrir meðstjórnendur.

Stjórn skipulagði dagskrá vetrarins en því miður reyndist ógerningur að halda nokkurn viðburð vegna samkomutakmarkana. Tækifæri foreldrafélagsins til þess að taka þátt í skólastarfi á starfsárinu voru því fá. Við buðum þó starfsfólki upp árlegan aðventuglaðning sem í ár var hátíðarmorgunverður með jólagjöf, með dyggri aðstoð foreldra innan og utan stjórnar. Nemendum voru gefnir popppokar á öskudag og foreldrafélagið bauð upp á tónlistarviðburð við skólaslit og glaðning fyrir nemendur. Foreldrafélagið styrkti gerð forvarnarmyndbanda um áhrif snjallsímanotkunar sem foreldrafélag Réttarholtsskóla stóð fyrir og framleiddi. Einnig fékk foreldrafélagið styrk frá Reykjavíkurborg til þess að halda sumartónleika í hverfinu en COVID-19 faraldurinn blossaði upp að nýju áður en til tónleikanna skyldi að koma og neyddumst við því til þess að fresta þeim.

Stjórn félagsins hittist á 9 fundum auk fjölda óformlegri samtala inn á milli. Skólaráð hittist að meðaltali einu sinni í mánuði yfir vetrartímann. Síðastliðið starfsár hittist skólaráð talsvert oft, líklega nærri tuttugu sinnum en það er erfitt að telja þar sem fundargerðir sem eru til hafa ekki verið birtar og þess utan hefur skólaráð ekki fengið nokkrar þeirra til yfirlestrar. Samstarf stjórnar gekk mjög vel og mikill einhugur um allar ákvarðanir sem teknar voru. Samstarf við fulltrúa foreldra í skólaráði gekk einnig vel og vegna hagsmuna í húsnæðismálum sátu báðir fulltrúar gjarnan stjórnarfundum.

Samskipti við skólastjórnendur tengdust fyrst og fremst húsnæðismálum og mest í gegnum skólaráð. Skólastjórnendur héldu einn upplýsingafund með stjórn félagsins.

Stjórn foreldrafélagsins og fulltrúar í skólaráði höfðu þó í ýmsu að snúast og verðu tæpt á því helsta aðeins síðar. Fyrst vil ég nefna að Eyrún Magnúsdóttir, Börkur Hrafn Birgisson, Illugi Gunnarsson og Magnús Már Guðmundsson eru nú á förum úr stjórn en þeim færðar kærar þakkir fyrir mikilvægt framlag í þágu barnanna okkar. Agnar Freyr Helgason er einnig á förum úr skólaráði eftir tveggja ára setu og þökkum við honum kærlega fyrir sitt góða og óeingingjarna starf.

Stuttu fyrir síðasta aðalfund var haldinn upplýsingafundur skólaráðs, umhverfis- og skipulagssviðs (USK) og skóla- og frístundasviðs (SFS) þar sem lokaskýrsla vegna aflokinnar framkvæmda við Fossvogsskóla var kynnt. Fulltrúar heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur mættu

einnig. Sýnataka að loknum framkvæmdum bentu til þess að enn hefði ekki verið komist fyrir vandann því enn fannst mygla. Tegundagreining benti til að um mjög heilsuspillandi myglutegundir væri að ræða. Fulltrúar borgarinnar settu þá fram þá tilgátu að sýnin hlytu að hafa skemmst í flutningum. Engar mygluskemmdir sé að finna í skólanum eða þá að öll sú mygla sem finnist í skólanum komi utan að frá, t.d. með skóm starfsfólks og nemenda. Þrátt fyrir að sýni væru mögulega ónýt (að þeirra eigin mati) þá átti engu að síður að afhenda lokaskýrslu og ljúka verkinu. Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins studdi afgreiðslu borgarinnar eindregið. Fulltrúar foreldra og starfsfólks mótmæltu þessu og sérfræðingur Náttúrufræðistofnunar Íslands hrakti málfutning USK. Að lokum var ákveðið að ráðast í alþrif á skólanum og sýnatöku í kjölfarið, ásamt því að hugað yrði sérstaklega að nemendum sem sýna einkenni og reynt að tryggja að þau gætu stundað nám sitt á meðan þessu ferli stæði.

Í nóvember samþykkti foreldrafélagið að óska í gegnum skólaráð eftir að sérfræðingur í innivist á þeirra vegum hafi aðkomu að sýnatöku að loknum alþrifum. Tillagan var sett fram til að auka traust á framkvæmd og niðurstöðum sýnatökunnar. Foreldrafélagið bauðst til að standa straum af öllum kostnaði vegna sérfræðingsins. Erindinu var aldrei svarað formlega.

Síðar í nóvember gerðist það að úrræðaleysi borgaryfirvalda og skólastjórnenda leiddi til þess að mjög veikt barn hrökklaðist úr námi við skólann og flúði í skóla í öðru bæjarfélagi. Frá samráðsfundinum í september hafði lítið sem ekkert verið gert til að veita börnum sem þjást vegna ástandsins aðstoð á meðan enn væri verið að vinna í húsnæðinu. Upplýsingabeidni sem fulltrúar foreldra sendu USK stóð enn ósvoruð. Fulltrúar foreldra í skólaráði lýstu yfir óánægju sinni við skólayfirvöld og þann 17. nóvember sendi stjórn foreldrafélagsins út til foreldra tilkynningu um þennan alvarlega atburð og lýstu óánægju með frammistöðu skólayfirvalda í málinu. Skólastjórnendur brugðust við þeirri gagnrýni með því að loka á útsendiaðgang foreldrafélagsins í gegnum Mentor. Fulltrúar foreldra sendu einnig erindi á borgarstjóra og kröfðust þess að sérstökum starfsmanni á vegum borgarinnar yrði fengið það hlutverk að aðstoða börn og foreldra. Erindinu var aldrei svarað.

Í desember var erindi sent innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar, sem tekið hefur yfir verkefni umboðsmanns borgarbúa, vegna vanrækslu borgarinnar á skyldum sínum gagnvart veikum börnum og hunsun ítrekaðra erinda, fyrirspurn og upplýsingabeidna til borgarstjóra, SFS og USK. Innri endurskoðandi gat ekki aðstoðað foreldra við að leita réttar síns þar sem embættisbréf hans leyfir honum ekki að hafa aðkomu að málum sem enn eru til meðferðar hjá borginni. Þannig hefur Reykjavíkurborg tekist með lævísu hætti að fjarlægja þann öryggisventil og neyðarúrræði sem umboðsmaður borgarbúa var og sýndi sig með afgerandi hætti þegar foreldrar leituðu til hans vegna sama máls á vordögum 2020.

Í desember voru um 15 sýni tekin í skólanum án þess að nokkurri fyrirspurn eða erindi í aðdraganda sýnatökunnar hafi verið svarað. Skólaráð var ekki upplýst um stöðu mála.

Á skólaráðsfundi þann 17. febrúar voru kynntar niðurstöður sýnatökunnar. Á fundinn mættu auk skólaráðs fulltrúar frá SFS, USK, Verkís, SAMFOK og Kennarasambandi Íslands, og sérfræðingur foreldrafélagsins í innivist. Skólaráðsfulltrúar fengu engin fundargögn fyrir fundinn. Á fundinum var farið stuttlega yfir niðurstöður sýnatökunnar á skjá, um 40 glærur. Í nokkrum fjölda sýna ræktuðust upp varasamar myglutegundir. Fulltrúi USK lýsti nokkrum aðgerðum sem farið yrði í til að mæta vandanum. Engin fundargögn voru afhent á fundinum

og lýsti fulltrúi Verkís því svo að þetta væri mikið magn efnis, yfir 100 blaðsíður, sem ekki væri hægt að afhenda að svo stöddu. Á fundinum lýstu fulltrúar í skólaráði vantrausti á svið borgarinnar í málefnum Fossvogsskóla. Athygli vekur að minnisblað sem kynnt var, var dagsett um miðjan desember. Skólaráð ítrekaði kröfu sína um aðkomu sérfræðings foreldrafélagsins að málinu. Fulltrúar USK á fundinum höfnuðu þeirri aðkomu eindregið og töldu borginni ekki fært að fá fleiri að verkinu. Fulltrúar foreldra ítrekuðu bráðavanda þeirra barna sem ekki gátu sótt nám sitt vegna veikinda tengdum húsnæði skólans. Engin svör fengust við þeim vanda önnur en að SFS væri að reyna að ýta boltanum yfir á barnaspítalann.

Fjöldi tilkynninga um veik börn sem rakin voru til veru í Fossvogsskóla jókst verulega um þetta leyti og foreldrar héldu æ fleiri börnum heima vegna einkenna. Málefni Fossvogsskóla voru rædd á borgarstjórnarfundi 2. mars. Borgarstjórn lofaði bót og betrun. Þann 3. mars fréttu foreldrar af tilviljun af því að ekkert eigi að bregðast við greindri myglumengun í Austurlandi og framkvæmdum í Vesturlandi væri lokið að mati USK. Engar upplýsingar bárust skólaráði né fundað með því. Fulltrúar foreldra brugðust við með harðorðu bréfi til skólastjórnenda og afrit sent á sviðin.

Boðað var til skólaráðsfundar 8. mars. Á fundinn mættu fulltrúar frá SFS, USK, Verkís, SAMFOK, sérfræðingur foreldrafélagsins og formaður skóla- og frístundaráðs. Nú kvað við annan tón. USK bauð Sylgju Sigurjónsdóttur, sérfræðing foreldrafélagsins velkomna í vinnuhóp vegna vandans sem að steðjar að í húsnæði Fossvogsskóla. Skólaráð taldi vandann ekki leystan til skemmri tíma. Þegar væri fjöldi barna frá námi vegna veikindaeinkenna sem taka yrði á. Borgaryfirvöld voru ekki betur undirbúin en svo að eina viðbragðið var að formaður skóla- og frístundaráðs spurði fulltrúa foreldra á fundinum hver næstu skref ættu að vera. Foreldrar höfnuðu þessari málaleitan og töldu málið á forræði skólayfirvalda og þeim bæri að ákveða næstu skref. Hvatt var til þess að haldinn væri almennur foreldrafundur sem fyrst og tóku fulltrúar borgarinnar vel í þá málaleitan.

17. mars var haldinn almennur foreldrafundur. Kynnt var saga framkvæmdanna við skólann og að nú hefði sérfræðingur foreldrafélagsins verið fenginn að málinu. Reykjavíkurborg myndi greiða fyrir þá þjónustu. Mikil reiði kom fram hjá foreldrum vegna afstöðu SFS um að halda nemendum áfram í hugsanlega menguðu húsnæði á meðan rannsókn færi loksins fram, mörgum mánuðum eftir að skólaráð lagði fram fyrsta erindi vetrarins um málið. Fram var lagður undirskriftalisti stórs hluta foreldra þar sem krafist var tafarlausrar rýmingar til að forða börnum úr aðstæðunum. Engin niðurstaða fékkst á fundinum. Seinna sama kvöld tilkynntu yfirvöld um rýmingu skólahúsnæðisins.

19. mars fóru starfsfólk, fulltrúi SFS og skólaráð í vettvangsferð um húsnæði Korpuskóla sem fyrirhugað var að hýsti starfsemi Fossvogsskóla fram á vor. Í ljós komu rakaskemmdir í loftum í einni álmu húsnæðisins. Fulltrúar foreldra vöktu athygli SFS á vandanum. Aðrir hlutar húsnæðisins voru teknir í notkun og hýstu starf 350 barna fram á vor í húsnæði sem í besta falli er hannað fyrir tæplega 200 börn. Efla var fengin til þess að greina rakavandann og leggja til aðgerðir, sem á endanum snerust um fleiri svæði en sáust í fyrstu sjónskoðun. Hluti framkvæmda var gerður í páskafríi en til stóð að ljúka framkvæmdum í Korpuskóla um sumarið og var hluti skólahúsnæðis því ekki í notkun. Eftir því sem við best vitum er enn hluti skólahúsnæðisins ekki í notkun vegna yfirstandandi viðgerða.

Þann 6. apríl héldu borgaryfirvöld tvo upplýsingafundi um rakaskemmdir í Korpuskóla og fyrirhugaðar framkvæmdir þar, annan fyrir starfsfólk og hinn fyrir foreldra. Fulltrúar foreldra í skólaráði óskuðu eftir því að fá einnig að vera viðstaddir upplýsingafund starfsmanna í samræmi við samþykkt skólaráðs um að allir fulltrúar þess séu viðstaddir alla upplýsingafundi um húsnæðismál, sé þess kostur. Skólastjóri hafnaði beiðninni. Á fundi með foreldrum kom fram óánægja foreldra með upplýsingaflæði og áhyggjur af stöðu húsnæðismála. Einnig var spurt um stöðu rannsóknar á húsnæði Fossvogsskóla en engin svör fengust. Gefin voru fyrirheit um reglulega upplýsingafundi með skólasamfélaginu meðan á ferlinu stendur.

26. maí var haldinn skólaráðsfundur með SFS, USK og Eflu. Efni fundarins var áfangaskýrsla um ástand Fossvogsskóla. Ljóst var að ekki yrði kennt í skólanum næsta skólaár og sviðsstjóri SFS lagði til að skólaráð fengi upplýsingar um möguleika til skólastarfs til umræðu á næsta fundi ráðsins. Fullyrt var að skólastarf gæti hafist aftur í Fossvogsskóla haustið 2022.

27. maí voru haldnir tveir fundir borgaryfirvalda, annar með starfsfólki og hinn með foreldrum. Þungt hljóð var í báðum hópum og veruleg vonbrigði með frammistöðu USK. Þann 31. maí gaf starfsfólk Fossvogsskóla út yfirlýsingu þar sem sú ákvörðun um að starfsemi skólans haldi áfram í Korpu var hörmuð og óboðlegt væri að reka skólastarf Fossvogsskóla þar að óbreyttu. Vakin var athygli borgaryfirvalda á raunverulegri hættu á að atgervisflótti bresti á.

Þann 2. júní var haldinn skólaráðsfundur. Velt var upp möguleika að flytja að hluta inn í Austurland á árinu, eftir bráðabirgðaviðgerðir. Á fundinum var samþykkt orðsending til SFS þar sem hafnað var að fara inn í Austurland fyrr en öllum framkvæmdum væri lokið í öllum byggingum. Boðið yrði upp á fleiri valkosti í húsnæðismálum og gefinn rúmur tími til framkvæmda á sjálfu skólahúsnæðinu svo allri enduruppbyggingu lyki áður en flutt yrði inn að nýju. Ítrekuð var þörf á að byggja upp traust til borgarinnar með auknu samráði við skólasamfélagið. Að kvöldi sama dags var haldinn stjórnarfundur foreldrafélagsins. Var þar samþykkt ályktun um aukið samráð við foreldra og starfsfólk. Skilaboðum frá skólaráði og ályktun foreldrafélags var tekið fálega af sviðsstjóra SFS og auknu samráði í raun hafnað með svaraleysi.

4. júní bárust foreldrum skilaboð frá skólastjórnendum í gegnum RÚV þar sem þeim var sagt að Austurland yrði tekið í notkun næsta vetur, þvert á vilja skólaráðs hvers skólastjóri er formaður.

- <https://www.ruv.is/frett/2021/06/04/kennsla-gaeti-hafist-i-fossvogsskola-seinni-hluta-arsins?term=fossvogsskóli&rtype=news&slot=2>

5. júní upplýstist í frétt Fréttablaðsins að yfirstjórn Reykjavíkurborgar hafi unnið markvisst gegn því að upplýsa og uppræta vanda í húsnæði Fossvogsskóla.

- <https://www.frettabladid.is/frettir/taldi-moursyki-geta-gripi-um-sig/>

8. júní var haldinn skólaráðsfundur. Eina tillagan sem lá fyrir fundinum var að skólaárið 2021-22 yrði starfsemi skólans alfarið í Austurlandi og færanlegum kennslustofum á lóð skólans, þrátt fyrir fyrri ályktun skólaráðs um Austurland. Verkefni skólaráðs væri að velja á milli tveggja hugmynda að staðsetningu færanlegra kennslustofa á lóð skólans. Skólaráð tók ekki afstöðu til tillögunnar aðra en að lýsa aftur verulegum efasemdum um notkun Austurlands að

svo stöddu. Skólaráð kallaði eftir því að SFS og USK bæru fram tvær tillögur að starfi, annars vegar í Korpu og hins vegar í Fossvogi, með kostum og göllum beggja staðsetninga. Lögð var áhersla á að gæði skólastarfs væru í fyrirrúmi í þeim tillögum. Sviðsstjóri SFS hafnaði þeirri málaleitan og heimtaði niðurstöðu án tafar frá skólaráði, þar sem embættismenn væru þegar að vinna eftir sinni eigin sviðsmynd.

7.-9. júní fór fram könnun foreldrafélagsins meðal foreldra um skólastarf næsta vetrar. Þeim umsögnum var miðlað til sviðsstjóra SFS og fleiri fulltrúa borgaryfirvalda. Á skipulagsdögum starfsfólks í lok skólaárs í júní fór viðamikil umræða fram um skólastarf næsta vetrar og var SFS sent niðurstöður þeirrar vinnu. Meginlína bæði foreldra og starfsfólks var sú að færa bæri skólastarf sem allra fyrst í Fossvoginn og alger einhugur var um að stíga ekki fæti inn í núverandi skólabyggingar fyrr en framkvæmdum væri að fullu lokið. Vantraust ríkir nú í skólasamfélaginu gagnvart stofnunum borgarinnar og yfirstjórn hennar eftir ítrekaðar þöggunartilraunir og hroðvirkni í framkvæmdum.

29. júní var gefin út stöðuskýrsla Eflu um ástand Fossvogsskóla. Ágallar á Vesturlandi og Meginlandi eru af þeirri stærðargráðu að segja má að lagt sé til að einungis steyptir veggir verði látnir standa eftir og húsnæðið endurbyggt að flestu öðru leyti. Verulegar endurbætur voru lagðar til við Austurland. Skýrslan er skýr áfellingisdómur um vinnubrögð USK og afstöðu SFS til skjólstæðinga sinna.

30. júní var haldinn skólaráðsfundur. Auk skólaráðs mættu fulltrúar USK, SFS, SAMFOK, Verkís, Eflu, stjórn foreldrafélagsins og fleiri fulltrúar starfsfólks. Farið var yfir fyrirhugað skipulag á framkvæmdum við húsnæði Fossvogsskóla. Farið var yfir fjórar mögulegar sviðsmyndir um skólastarf næsta árið. Fimmta sviðsmyndin um allt starf í færanlegum stofum við Víkina rædd. Lagt var fyrir SFS að endurskoða sviðsmyndir með hliðsjón af umræðum á fundinum og senda skólaráði til umsagnar. Á fundinum kom fram skýr vilji foreldra og starfsfólks að 1.-3. bekk yrði komið fyrir í færanlegum kennslustofum í Fossvogi, en engin niðurstaða fengin með eldri árganga.

Þann 15. júlí var haldinn skólaráðsfundur þar sem sviðsmyndir voru ræddar. Engin breyting hafði orðið á fyrri sviðsmyndum en þeirri fimmtu bætt við. Niðurstaða skólaráðs var að mæla með 1.-3. bekk í færanlegum stofum í Fossvogsdal frá hausti. Í 4.-7. bekk var ljóst að skólastarf yrði að hefjast í Korpuskóla. Skólaráð myndi ekki taka afstöðu til sviðsmynda þeirra árganga fyrr en að loknum upplýsingafundi með foreldrum í árgöngunum fyrir skólasetningu. Ályktun var komið á framfæri við sviðsstjóra SFS sem staðfesti skilning á henni með svarpósti.

22. júlí barst foreldrum tilkynning frá skólastjóra um að borgarráð hafi samþykkt að 1.-4. bekkur verði á lóð Fossvogsskóla næsta skólaárið og 5.-7. bekkur í Korpuskóla. Til stuðnings ákvörðuninni var skólaráð ranglega sagt styðja þessa niðurstöðu, enda ekkert samráð haft við skólaráð um endanlega tillögu sem lögð var fram á fundi borgarráðs. Boðaðar voru á næstu vikum frekari upplýsingar um skipulag skólastarfs, sem unnið yrði í samstarfi við skólasamfélagið.

Þann 9. ágúst barst fréttatilkynning þar sem tilkynnt var að verið sé að leita lausna fyrir skólastarf 2.-4. bekkjar í samstarfi við Víking þar sem ekki takist að koma færanlegum kennslustofum fyrir í tíma. Ekkert samráð haft við skólaráð eða aðra í skólasamfélaginu.

11. ágúst var skólastjóri inntur eftir dagsetningu og skipulagi á upplýsingafundi fyrir foreldra 5.-7. bekkjar sem ákveðinn var af skólaráði í júlí. Skólastjóri sagðist vera búinn að biðja SFS um leyfi til að halda upplýsingafund skólaráðs.

18. ágúst tilkynnti skólastjóri að 2.-4. bekkur yrði hýstur í kjallaraherbergi og anddyri í Víkinni, sem eru engan veginn heppileg til skólastarfs. Talsverðrar óánægju varð strax vart meðal foreldra og fundaði stjórn foreldrafélagsins um stöðu mála strax sama kvöld. Á fundi fyrr þá viku fullyrtu starfsmenn SFS á fundi skóla- og frístundaráðs að undirbúningur skólastarfs hafi farið fram í fullu samráði við fulltrúa foreldra og starfsfólks. Hið rétta er að ekkert samráð var haft við neinn utan stjórnenda skólans og fyrirkomulag skólastarfsins kom öllum öðrum spánskt fyrir sjónir.

19. ágúst gaf stjórn foreldrafélagsins út yfirlýsingu til fjölmiðla þar sem húsnæðinu var hafnað, lýst furðu á seinagangi borgaryfirvalda og lýst vonbrigðum með samskiptaleyssi og vanhöld á að virkja skólaráð með lögboðnum hætti.

Seinna sama dag var boðað til samdægurs skólaráðsfundar þar sem fulltrúar SFS, USK og SAMFOKS, auk skólaráðs mættu. Skólayfirvöld lýstu ánægju með staðarval í Víkinni. Fulltrúar foreldra og kennara höfnuðu notkun á Víkinni og lögðu að skólayfirvöldum að finna tafarlaust heilnæmt húsnæði sem væri hentugt til skólahalds. Fulltrúar foreldra bentu skólayfirvöldum á húsnæði Hjálpræðishersins, en jafnframt var safnaðarheimili Bústaðakirkju og Korpuskóli til umræðu. Engir formlegir valkostir lágu fyrir fundinum. Ákveðið var að skólastjórnendur kynntu sér betur valkosti sem væru í boði.

20. ágúst boðaði SFS til könnunar meðal foreldra um val á milli Víkurinnar, Korpu og Hjálpræðishersins fyrir 2.-4. bekk. Foreldrar fengu engar upplýsingar um húsnæði Hjálpræðishersins og voru raunar flestir að heyra af því í fyrsta sinn þegar könnunin fór fram. Ljóst að engar forsendur voru fyrir því að taka ákvörðun með þessum hætti. Fréttir bárust af því að starfsfólk hafi verið látið velja á milli með handauppréttingu á vinnustaðarfundi. Hjálpræðisherinn varð fyrir valinu.

Kennari í 2. bekk sótti um flutning úr Fossvogsskóla á sama tíma. Ástæðan var vantraust á stjórnendum. Í það minnsta fjórir kennarar hafa nú yfirgefið skólann frá lokum fyrra skólaárs vegna vantrausts á stjórnendum.

Stjórn foreldrafélagsins bárust á þessum tíma nokkrar tilkynningar frá foreldrum um flutning barna úr Fossvogsskóla vegna stöðu skólans. Margar tilkynningar frá foreldrum bárust beint til SFS og skólastjórnenda um óánægju með málefni Fossvogsskóla.

30. ágúst áttu fulltrúar foreldra í skólaráði fund með mennta- og menningarmálaráðherra um málefni Fossvogsskóla. Á fundinum var reifuð óánægja foreldra með ítrekað viðbragðs- og úrræðaleyssi Reykjavíkurborgar og vanhöld á að tryggja börnum lögboðna menntun og aðstöðu til að sækja nám sitt. Foreldrar óskuðu eftir að ráðuneytið hæfi frumkvæðismál vegna stjórnýslu Reykjavíkurborgar í þessu máli.

6. september sendi foreldri USK póst í framhaldi af fyrirspurn sem lögð var fram á fundi um húsnæðismálin 30. júní varðandi verklag tengt asbesti í eldri byggingum. Á síðustu fimm árum hefur USK í tvígang lagt minnisblað fyrir borgarráð þar sem lýst er yfir að fyrir upphaf framkvæmda í eldra húsnæði fari fram könnun á hvort asbest sé þar að finna. Aðspurðir könnuðust stjórnendur USK ekki við þetta verklag né að því hefði verið beitt fyrir framkvæmdir í Fossvogsskóla 2019. Í rannsókn Eflu vorið 2021 kom í ljós að asbest væri m.a. að finna í sólbekkjum í heimilisfræðistofu, sem teknir voru úr og settir aftur í í framkvæmdunum 2019. Í pósti foreldrisins var fyrirspurnin lögð fram formlega í þremur tölusettum liðum ásamt heimildum og skýringargögnum.

7. september var foreldrum tilkynnt að töf yrði á afhendingu færanlegra kennslustofa við Fossvogsskóla. Áætlað er að í stað afhendingar 15. september verði þær afhentar í byrjun októbermánaðar. Ástæður sagðar tafir á afhendingu vegna kórónuveirufaraldursins og að endurbætur þurfi að fara fram þar sem þær henti ekki íslenskum aðstæðum. Foreldrar voru hvattir til þess að fylgjast með framgangi framkvæmdanna á sérstakri vefsíðu borgarinnar sem að öðru leyti en þessu hefur ekki verið uppfærð í rúmt ár þegar þetta er skrifað.

<https://reykjavik.is/framkvaemasjain/fossvogsskoli-endurbaetur>

15. september kom fram á skólaráðsfundi að hönnunarferli fyrir framkvæmdir væri í gangi og hafi verið í allt sumar. Búið sé að hanna klæðningu húsanna að utanverðu. Enginn fulltrúi USK mætti á fundinn og engin formleg gögn eða upplýsingar voru lagðar fyrir skólaráð.

27. september bauðst fulltrúum foreldra í skólaráði að skoða færanlegu stofurnar fyrir 1.-4. bekk. Framkvæmdir eru í fullum gangi og ljóst að þröngt verður um þennan hóp. Húsið er þó nýtt og skipulag þess virðist ætla að gagnast skólastarfinu vel. Lokaúttekt á að vera næsta fimmtudag og afhending á föstudag. Mikið verk virtist óunnið í heimsókninni en fjöldi iðnaðarmanna var að verki.

28. september boða skólastjórnendur fund um húsnæðismál á Teams. Hvert er fundarefnið? Liggja einhver gögn fyrir fundinum? Hverjir hafa framsögu? Þessu getum við ekki svarað, því skólaráð frétti af fundinum á sama tíma og aðrir, góðir hálsar.

Þriggja ára ferli vegna gruns um óheilmæmt húsnæði hefur leitt í ljós vilja- og getuleysi Reykjavíkurborgar til þess að bjóða nemendum og starfsfólki viðunandi og heilmæmar starfsaðstæður. Yfirvöld hafa ítrekað vísað vandanum frá sér yfir á hendur heilbrigðiseftirlitsins sem skortir laga- og reglugerðumboð til þess að meta rakaskemmdir á húsnæði. Yfirvöld hafa einnig reynt að flytja vandann yfir á veika einstaklinga þegar ljóst er að húsnæði sem þau bjóða upp á valda veikindaeinkennum. Seint og illa hefur verið brugðist við umkvörtunum. Lausnir í húsnæðismálum hafa verið óviðunandi og viðgerðir ekki heppnast.

Í þessu ferli hefur ítrekað reynt á skilvirkni stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar. Allir aðilar að stjórnarsýslunni, allt frá núverandi skólastjórnendum til borgarstjóra, hafa brugðist börnum og starfsfólki Fossvogsskóla. Skólaráð Fossvogsskóla er ítrekað hindrað í að starfa samkvæmt lögum um grunnskóla. Dæmi eru um að erindum sem ráðið sendir frá sér sé ekki svarað, mikilvægar upplýsingar sem taka þarf afstöðu til eru kynntar á þeim sama fundi og skólaráð

er ekki boðað til fundar þegar lögboðið er, t.a.m. til umsagnar um bráðabirgðastaðsetningu skólahalds 2.-4. bekkjar nú í haust.

Stjórnsýslan hefur ekki batnað þrátt fyrir loforð um annað af hálfu borgarstjórnar. Þegar vandi Fossvogsskóla er settur í samhengi við sambærilegar aðstæður í Korpuskóla, Kvistaborg og Réttarholtsskóla, svo dæmi séu tekin, gefur það sterka vísbendingu um að kerfisbundnar brotalamir séu til staðar í stjórnsýslu Reykjavíkurborgar þegar kemur að viðhaldi og umsjón með skólahúsnæði borgarinnar.

Enn sitja sömu kettir við kjötkatla borgarinnar. Því er ljóst að fyrir höndum er ærið verkefni foreldra og starfsfólks við að veita nægilegt aðhald í Fossvogsskólaverkefninu svo yfirvöldum lánist að skila húsnæðinu til okkar þannig að not séu af.

Staðan eins og hún blasir við okkur hér í kvöld.

- Erindum foreldra og starfsfólks er ekki svarað.
- Skólastjórnendur útiloka foreldrafélagið og skólaráð frá ferlinu.
- Góðir og reynslumiklir kennarar, margir með langan starfsaldur í skólanum, flýja stjórnarhætti.
- Borgin hefur ekki enn upplýst um allt sem upplýsa ber um, t.d. asbestið.
- Húsnæðismál og raunverulegt samtal er í hróplegu ósamræmi við lýsingu ráðamanna.
- Embættismenn hafa engan vilja til þess að bæta ferla.
- Nýr meginverkferill borgarinnar virðist ekki eiga við Fossvogsskóla.
- Aðstöðumunur foreldra og kennara og báknsins er geigvænlegur – búið að loka fyrir neyðarúrræði borgara.

Svo mörg voru þau orð. Að lokum þakkar stjórn foreldrafélagsins foreldrum fyrir auðsýnt traust undanfarið starfsár, sem hefur mátt merkja t.a.m. í fjölmörgum stuðningspóstum og samtölum.

Reykjavík, 28. september 2021

Stjórn foreldrafélags Fossvogsskóla